

laun til skipaðs verjanda síns, Péturs Þorsteinssonar hdl., kr. 400,00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 15. nóvember 1954.

Kærumálið nr. 21/1954.

Aron Guðbrandsson

gegn

Jóni Erlendssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Frávísun héraðsdóms hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 28. f. m. Hann krefst þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og varnaraðilja dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Sóknaraðili hefur í héraðsstefnu haft uppi þá dómkröfu, að varnaraðilja verði dæmt óheimilt að hafa lykil að læsingu hliðs þess, er í málinu greinir. Samkvæmt málflutningi sóknaraðilja þykir eiga að skýra þessa kröfu hans þannig, að hann vilji fá dómsorð um það, að varnaraðili hafi fyrirgert rétti sínum til nefnds lykils. Sóknaraðili á rétt á að fá efnisúrlausn dómstóla um slíka kröfu. Frávísunardómur héraðsdómara verður því úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Eftir þessum úrslitum ber varnaraðilja að greiða sóknaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 200,00.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Varnaraðili, Jón Erlendsson, greiði sóknaraðilja, Aroni Guðbrandssyni, kærumálskostnað, kr. 200,00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bærjþings Hafnarfjarðar 23. október 1954.

Ár 1954, laugardaginn 23. okt., var í bærjþingi Hafnarfjarðar af fulltrúa bærjþingmanna, Kristni Ólafssyni, upp kveðinn úrskurður í bærjþingsmálinu: Aron Guðbrandsson gegn Jóni Erlendssyni.

Með stefnu í máli þessu, útg. 9. júní sl., hefur stefnandi, Aron Guðbrandsson, gert þá fyrri kröfu, að stefndum, Jóni Erlendssyni, bónda að Mógilsá, Kjalarnesi, verði dæmt óheimilt að hafa lykil að læsingu á hliði stefnanda yfir veg hans við þjóðveginn.

Af hálfu stefnds er krafizt, að þessari efniskröfu verði ex officio eða eftir kröfu hans vísað frá dómi.

Að loknum málflytningi um þetta atriði 12. okt. sl. var það sérstaklega lagt undir dóm eða úrskurð réttarins.

Stefnandi skýrir svo frá, að frá því á árinu 1942 hafi hann samþykkt, að ábúandi jarðarinnar Mógilsár hefði lykil að lás á hliði á girðingu yfir einkaveg hans rétt við þjóðveginn í landi Mógilsár. Síðan hafi stefndur, Jón Erlendsson, með framferði sínu margbrotið af sér allan rétt til þess að hafa umferðarrétt um hlið þetta, og auk þess hafi þegar verið dæmt, að hann eigi ekki umferðarrétt þarna.

Þá heldur stefnandi fram, að ákveðið hafi verið með hæstaréttardómi 10. apríl 1954, að afnot ábúanda, Jóns Erlendssonar, af umræddum vegi skuli aðeins vera þau að fara þvert yfir veginn aðeins á tveimur sérstaklega tilgreindum stöðum, og þar sem stefndur hafi ekki heimild til annarra nota af veginum, hafi hann ekki lengur neitt að gera við lykil að hliðinu.

Stefndur rökstyður frávísunarkröfu sína með tvennu móti. Í fyrsta lagi eigi stefndur, Jón Erlendsson, hluta jarðarinnar móti systur sínum og sitji á þeirra hluta í leiguábúð. Þótt dæmdur yrði réttur af honum persónulega til að hafa lykil að læsingu hliðsins, yrði sá réttur eigi dæmdur af meðeigendum hans í máli þessu, þar sem þeim er eigi stefnt. Hefði stefndur því áfram rétt til að hafa lykil að læsingunni sem ábúandi að jarðarhlutum systra sinna. Beri því að vísa þessari kröfu stefnanda frá dómi að kröfu stefnds eða ex officio.

Á þessa röksemdafærslu verður ekki fallizt, með því að stefndur, Jón Erlendsson, hefur sem ábúandi jarðarinnar fengið umræddan lykil afhentan til afnota, eins og tekið er fram berum orðum í fyrrgreindum dómi frá 24. júní 1950. Er því formlega rétt að stefna honum einum inn í málið, eins og stefnandi hefur gert.

Þá hefur stefndur í öðru lagi bent á það, að með dómi bærj-

bings Hafnarfjarðar, upp kveðnum 24. júní 1950, milli sömu aðilja, er stefnanda heimilað að læsa með lás umræddu hliði gegn því, að stefndur, Jón Erlendsson, fái afhentan til afnota lykil að lás þessum. Sá dómur var síðan staðfestur í Hæstarétti með dómi, upp kveðnum 26. jan. 1954. Af þessu sé augljóst, að vísa beri þessari kröfu stefnanda frá ex officio.

Eins og þegar er fram tekið, hefur stefnandi haldið fram, að stefndur, Jón Erlendsson, sé búinn að fyrirgera þeim rétti, er hann hafi öðlzt með tilvitnuðum dómum, og jafnframt heldur stefnandi fram, að eftir að dómur Hæstaréttar frá 10. apríl 1954 kom, séu í máli þessu svo breytt viðhorf, að stefndur, Jón Erlendsson, hafi einungis heimild til að fara þvert yfir veginn á tveimur sérstaklega tilgreindum stöðum og hafi því ekkert að gera við lykil að hliðinu.

Á þessa röksemdafærslu stefnanda verður þó ekki fallizt, og með því að þegar hefur verið dæmt í undirrættardómi frá 24. júní 1950 og staðfest með hæstarættardómi 29. janúar 1954 um þetta málsatriði, eins og það í stefnukröfu er lagt fyrir dóminn, þá ber samkv. 195. og 196. gr. laga nr. 85/1936 að vísa stefnulið þessum frá dómi ex officio.

Því úrskurðast:

Fyrri liður stefnukröfu stefnanda, Arons Guðbrandssonar, um að svipta stefndan, Jón Erlendsson, heimild til að hafa lykil að læsingu á nefndu hliði, vísast frá dómi ex officio.

Miðvikudaginn 17. nóvember 1954.

Nr. 89/1954. **Ákærvaldið** (Gunnar E. Benediktsson)

gegn

Jóhanni Pétri Runólfssyni (Sigurður Ólason).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómárar Hæstaréttar.

Sýknað af broti á áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Þau tvö vitni, sem getur í héraðsdómi, hafa staðfest fyrir dómi, að þau hafi keypt eina áfengisflösku af stjórnaða bifreiðar, er hafi borið einkennismerkið R. 3101. Ákærði var eigandi og ökumaður bifreiðar þeirrar, sem ber þetta merki,